

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 107/2001

frá 28. september 2001

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2001 frá 19. júní 2001⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB frá 20. mars 2000 um samræmingu laga aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla⁽²⁾, eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 124, 25.5.2000, bls. 66, skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB fellir úr gildi tilskipun ráðsins 79/112/EBE frá 18. desember 1978 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla til sölu til neytenda⁽³⁾ sem er hluti af samningnum og ber því að fella brott úr honum.
- 4) Tilskipanir framkvæmdastjórnarinnar 94/54/EB⁽⁴⁾, 1999/10/EB⁽⁵⁾, tilskipun ráðsins 96/21/EB⁽⁶⁾ og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 330/1999⁽⁷⁾ sem þegar eru hluti af samningnum sem og gerðir til breytingar á tilskipun 79/112/EBE skulu fluttar undir aðra liði í XII. kafla II. viðauka.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 238, 6.9.2001, bls. 8 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 44, 6.9.2001, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 109, 6.5.2000, bls. 29.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 33, 8.2.1979, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 300, 23.11.1994, bls. 14.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 69, 16.3.1999, bls. 22.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 88, 5.4.1996, bls. 5.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 40, 13.2.1999, bls. 23.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á 18. lið (tilskipun ráðsins 79/112/EB) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

1. Í stað textans á undan aðlögunarliðnum komi eftirfarandi:

„**32000 L 0013:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB frá 20. mars 2000 um samræmingu laga aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla (Stjtið. EB L 109, 6.5.2000, bls. 29), eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 124, 25.5.2000, bls. 66.“

2. Í stað aðlögunarliðar a) komi eftirfarandi:

„- á íslensku „geislað“ eða „meðhöndlað með jónandi geislun“,

- á norsku „bestrålt“ eða „behandlet med ioniserende stråling“.“

3. Í aðlögunarlið b) komi 5. mgr. 9. gr. í stað 6. mgr. 9. gr.“.

4. Í aðlögunarlið c) komi „2. mgr. 10. gr.“ í stað „2. mgr. 9. gr. a“, en fyrsti og síðasti undirliður með færslum fyrir Finnland og Svíþjóð falli brott.

5. Í aðlögunarlið d) komi „12. gr.“ í stað „10. gr. a“.

2. gr.

Eftirfarandi undirlið skal skotið inn í lið 54b (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **399 R 0330:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 330/1999 frá 12. febrúar 1999 (Stjtið. EB L 40, 13.2.1999, bls. 23).“

3. gr.

Eftirfarandi liðir komi aftan við lið 54zb (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 95/2/EB) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„54zc. **394 L 0054**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/54/EB frá 18. nóvember 1994 um lögbundnar upplýsingar á merkingum tiltekinna matvæla aðrar en þær sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 79/112/EBE (Stjtið. EB L 300, 23.11.1994, bls. 14), eins og henni var breytt með:

- **396 L 0021**: Tilskipun ráðsins 96/21/EB frá 29. mars 1996 (Stjtið. EB L 88, 5.4.1996, bls. 5).

54zd. **399 L 0010**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/10/EB frá 8. mars 1999 um undanþágur frá ákvæðum 7. gr. tilskipunar ráðsins 79/112/EBE að því er varðar merkingar matvæla (Stjtið. EB L 69, 16.3.1999, bls. 22) “

4. gr.

Texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB, eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 124, 25.5.2000, bls. 66, á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

5. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. september 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

6. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 28. september 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

E. Bull

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann